

# Kyn og völd á Norðurlöndunum

18.–19. nóvember 2009 á Grand Hótel Reykjavík

Norðurlöndin eru í fremstu röð í heiminum hvað varðar stöðu kvenna í stjórnmálum. Allt önnur mynd blasir við þegar hlutur kvenna í stjórnnum og meðal stjórnenda stærstu fyrirtækja er skoðaður sem og innan samtaka í atvinnulífinu. Hvers vegna gengur hægar að jafna hlut kynjanna í atvinnulífinu en í stjórnmálunum?


Á síðasta ári fól Norræna ráðherranefndin NIKK (Nordiskt institut för kunskap om kön) að stýra rannsókn á kyni og völdum innan stjórnmála og atvinnulífs á Norðurlöndunum. Tuttugu fræðimenn frá öllum Norðurlöndunum hafa tekið þátt í verkefninu sem lýkur á þessu ári. Á ráðstefnunni í Reykjavík verða niðurstöður kynntar og verður sjónum meðal annars beint að:

- Upplýsingum um hlut og áhrif kvenna og karla við ákvarðanatöku á sviði stjórnmála og innan atvinnulífsins á Norðurlöndunum fimm og sjálfstjórnarsvæðunum þremur.
- Samanburði milli Norðurlandanna og samanburði milli stjórnmála og atvinnulífs.
- Umfjöllun um hvaða aðgerðir hafi skilað mestum árangri við að jafna hlut kynjanna í stjórnmálum og atvinnulífi.


Ráðstefnan hefst að kvöldi 18. nóvember í Háskóla Íslands með lykilfyrirlestri Claes Borgström sem er fyrrverandi Umboðsmaður jafnréttismála í Svíþjóð. Hann er lögfræðingur að mennt og er nú talsmaður sænskra sósíaldemókrata í jafnréttismálum. Næsta dag verður haldið áfram á Grand Hótel Reykjavík. Þar verða flutt erindi þar sem staðan innan stjórnmála og atvinnulífs Norðurlandanna og sjálfstjórnarsvæðanna verður greind. Ráðstefnunni lýkur með pallborðsumræðum með þátttöku fólks úr stjórnmálum og atvinnulífi, auk fræðimanna.

Ráðstefnan er öllum opin og er þátttaka ókeypis. Fjöldi þátttakenda er takmarkaður og verður lögð áhersla á að fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum komist að.

Skráning á: <http://www.yourhost.is/genderandpower2009/registration.html>.



Ingi Valur Jóhannsson  
Formaður jafnréttisnefndar  
Norrænu ráðherranefndarinnar



Solveig Bergman  
Framkvæmdastjóri  
NIKK – Nordiskt institut  
för kunskap om kön

Ráðstefnan er skipulögð af Norrænu ráðherranefndinni í samvinnu við NIKK og Jafnréttisstofu.  
Nánari upplýsingar má sjá á <http://formennska2009.jafnretti.is/fm2009/?D10cID=page&id=8> og [www.nikk.no](http://www.nikk.no).



# Dagskrá

## Norræn ráðstefna um kyn og völd

Grand Hótel Reykjavík 18.–19. nóvember 2009

### Miðvikudagur 18. nóvember (Háskóli Íslands – Háskólatorg)

- 18:00–18:15 Skráning og afhending gagna.  
18:15 –18:30 Setning ráðstefunnar. Árni Páll Árnason félags- og tryggingamálaráðherra.  
18:30–19:30 Lykilfyrirlestur: Claes Borgström fyrrverandi Umboðsmaður jafnréttismál í Svíþjóð.  
19:30–22:00 Móttaka.

### Fimmtudagur 19. nóvember

- 09:30–09:40 Gestir boðnir velkomnir.  
09:40–10:00 Kynning á helstu niðurstöðum verkefnisins.  
Kirsti Niskainen, rannsóknarstjóri hjá NIKK.
- 10:00 –13:00 Kyn og völd í stjórnámálum.**  
*Kyn og völd í stjórnámálum í Danmörku og Svíþjóð – á réttri leið?*  
Drude Dahlerup, prófessor við Stokkhólmsháskóla.  
*Kyn og völd í finnskum stjórnámálum – mótsagnakennd mynd?*  
Anne Maria Holli, Research Fellow við Háskólann í Helsinki.  
*Kyn og völd í íslenskum stjórnámálum.*  
Auður Styrkársoðttir, stjórn málafræðingur og forstöðumaður Kvennasögusafns Íslands.  
*Kynjakvótar í stjórnnum fyrirtækja.*  
Mari Teigen, forstöðumaður rannsókna hjá Institut for samfunnsforskning í Osló.
- 13:00–14:00 Hádegisverður.
- 14:30–17:00 Kyn og völd í atvinnulífi.**  
*Kynjaskipting í dönsku atvinnulífi.*  
Mette Verner, lektor við Verslunarháskólann í Árósum.  
*Kyn og völd í finnskum fyrirtækjum.*  
Linda Hart, doktorsnemi við Háskólann í Helsinki.  
*Kyn og völd í íslensku atvinnulífi.*  
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands.  
*Kyn og völd á Norðurlöndum – túlkun og tilraun til skýringa.*  
Øystein Gullvåg Holter, prófessor við Háskólann í Osló.  
Elisabeth Rogg, sérfræðingur við Háskólann í Osló.  
Anita Göransson, prófessor við Háskólann í Linköping.
- 17:00–18:30 Pallborðsumræður: Hvað er líkt og hvað ólíkt á Norðurlöndunum?**  
Þátttakendur: Birgitte Bruun, aðstoðarframkvæmdastjóri Nykredit í Danmörku, Jan S. Asker, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda í fjármálalífi Noregs, Elina Lavi, formaður kvannahreyfingar Samlingspartiet í Finnlandi og Árni Þór Sigurðsson alþingismaður.  
Umræðustjóri: Bosse Parþing ritstjóri NIKK tímaritsins.

Ráðstefnan fer fram á Norðurlandamálum en þýtt verður á finnsku og íslensku. Þátttakendur verða að skrá sig og er fjöldi þátttakenda takmarkaður við 150. Ráðstefnan er ókeypis.

